

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2006-03</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Þriðjudagur 4. apríl 2006 kl. 13:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	1) <b>Fréttatilkynning.</b>
	2) <b>Notkunarflokkar raforku 2005.</b>
	3) <b>Aflþörf raforkukerfisins 2005.</b>
	4) <b>Forsendur endurreiknings raforkuspár og breytingar á spánni.</b>
	5) <b>Trúnarðaryfirlýsing.</b>
	6) <b>Skýrsla frá Eurelectric, á raforkuhópurinn að taka saman gögnin?</b>
	7) <b>Önnur mál.</b>

---

Á fundinn mættu:	
Raforkuhópurinn:	Íris Baldursdóttir Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Pétur E. Þórðarson Agnar Árnason Ívar Þorsteinsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Landsnet:	Ásgeir Sigtryggsson
Fjarverandi:	

- 1) JV sagðist hafa sent fréttatilkynningu um raforkunotkun 2005 til Orkustofnunar en hefði ekkert frétt af birtingu hennar. ÍP ætlar að athuga með birtingu hennar.
- 2) Ingvar fór yfir skil á gögnum um notkunarflokka og nýja framsetningu þeirra gagna. Einungis vantar nú hluta af gögnum Rarik og Rafveitu Reyðarfjarðar. Ákveðið var að setja notkun og beina sölu allra vinnslufyrirtækja í einn dálk aftan við dreifiveiturnar og vera með millisummu fyrir dreifiveitur. Samantektin neðst í töflunni breytist einnig verulega. Rætt var nokkuð um notkunarflokkana og að tryggja þyrfti að skilað væri upplýsingum um dreifinguna en ekki söluna. GA sagði að notkunin hjá OR passaði ekki við sínar tölur og að aukning væri mun meiri milli ára. JV benti á að líklega væri

notkunin hjá þeim ofáætluð árið 2004 en hugsanlega einnig vanáætluð árið 2005. Þar sem að stórum hluta er ekki um mældar stærðir að ræða heldur áætlun út frá árlegum mælaaflestri gæti alltaf einhver notkun flust á milli ára í þessum skýrslum. ÁS sagði að ekki mætti vera hægt að lesa út einstakar virkjanir úr þessum töflum..

- 3) Ingvar sagði að öll aflgögn væru komin og verið væri að vinna úr þeim. Þó vantar mælingar fá fáeinum virkjunum eins og undanfarin ár.
- 4) Rætt var um endurreikning raforkuspár. Íris ætlar að taka saman gögn í töflu um notkun stóriðju næstu ár en þar er bara um að ræða það sem búið er að semja um. PEP benti á að notkun varnaliðsins mundi minnka mikið og þyrfti að taka tillit til þess. Einnig sagði hann að notkun við framkvæmdir Fjarðaáls væri mun minni en miðað hefði verið við.
- 5) Fulltrúar í hópnum skrifuðu undir trúnaðaryfirlýsingu og mun ÍP varðveita undirskrifuð skjöl.
- 6) SÁ fjallaði um skýrslu Eurelectric og vísaði í hugleiðingar JV sem sendar voru til fundarmanna eftir síðasta fund. ÍP sagði að Orkustofnun teldi það ekki hlutverk sitt að vinna gögn fyrir þessa skýrslu og vísaði til þess að kostnaður við það væri 500-1000 þús. kr. skv. áætlun JV.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 2. maí 2006.

---

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Tafla um notkunarflokkka raforku 2005.

Skrifað var undir á fundinum:

- Trúnaðaryfirlýsing.